

Seltjarnarnesbær  
Þórður Ólafur Búason,  
skipulagsfulltrúi  
Austurströnd 2  
170 SELTJARNARNES

Garðabær, 23. mars 2015

2015030018/42-0

TB

tb

### Verkefnislýsing vegna deiliskipulags fyrir Valhúsahæð og aðliggjandi útivistarsvæði

Vísað er til bréfs frá Seltjarnarnesbæ, dags. 4. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við verkefnislýsingu vegna deiliskipulags fyrir Valhúsahæð og aðliggjandi útivistarsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur fari yfir framangreint erindi. Stofnunin tekur undir þau markmið sem koma fram í verkefnalýsingunni sem miða m.a. að því að viðhalda markmiðum friðlýsingar Valhúsahæðar. Þar kemur m.a. fram að vernda skuli jarðmyndanir og lífríki í núverandi mynd, vernda gróður sem hefur einkennt Valhúsahæð og varðveita sögu- og fornminjar á svæðinu. Þó friðlýsing svæðisins sé fyrir hendi er áriðandi að þau markmið sem þar koma fram skili sér í fyrirhuguðu deiliskipulagi/deiliskipulagsskilmálum t.d. með að skýrt komi fram að fjárlægja eigi framandi plöntur sem berast inn á svæðið og að tryggt sé að skipulagið leyfi ekki byggingar eða annað sem rýri verndarsvæðið þ.m.t. viðhaldi einstöku útsýni af Valhúsahæð.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

